

Ed.

218. Frumvarp til laga

[152. mál]

um breyting á lögum nr. 58 12. maí 1970 um skemmtanaskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983–84.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:

Skattur af verði aðgöngumiða á skemmtanir, sem taldar eru í 2. flokki, skal ekki innheimtur í sveitarfélögum með færri en 2500 íbúa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangur með þessu frumvarpi er að létta skemmtanaskatti af kvikmyndasýningum í nokkrum smærri sveitarfélögum. Rekstur kvikmyndahúsa gerist nú æ örðugri á slíkum stöðum eftir tilkomu sjónvarps. En kvikmyndasýningar eru enn sem fyrr ein vinsælasta skemmtun ungs fólks. Þeir staðir, sem myndu njóta góðs af þeirri undanþágu er hér er gert ráð fyrir, eru: Borgarnes, Sauðárkrókur, Siglufjörður og Neskaupstaður.

Borgarnes hefur haft tímabundna undanþágu frá greiðslu skemmtanaskatts af kvikmyndasýningum, en árið 1982 nam greiddur skemmtanaskattur á hinum þrem stöðunum samtals kr. 116 482, en á öllu landinu kr. 9 922 938. Ríkisbókhald hefur ekki upplýsingar um hve mikill hluti af skemmtanaskatti þessum er af kvikmyndasýningum.